



# Sogamýri - staðgreinireitur 1.4



Gildandi deiliskipulag 1:2000



Breyting á deiliskipulagi 1:1000

## Greinargerð:

### Afmörkun svæðis.

Deiliskipulagssvæðið er á staðgreinireit 1.4 og afmarkast af Suðurlandsbraut, lóð hússins nr. 66 við Suðurlandsbraut og göngustígum á grænu svæði meðfram norðanverðri Miklabraut.

### Núverandi ástand.

I dag eru á svæðinu hávarnar aspir í þéttum trjálundum sem afmarka grasi vaxið útvistarsvæði. Aðkoma er frá Suðurlandsbraut sem endar í lokaðri gótu austast á svæðinu.

Skv. Aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024 er svæðið skilgreint sem miðsvæði M11 Sogamýri og þar er fyrst og fyrst gert ráð fyrir húsnaði fyrir félagasamtök eða sambærilega starfsemi. Ekki er gert ráð fyrir verslun og þjónustu eða annari umferðarskapandi starfsemi.

Gildandi deiliskipulag var samþykkt í borgarráði þann 16.03. 1999. Þar var samþykkt breyting á svæðinu frá Skeiðarvogi að gathamótum Langholtsvegar og Suðurlandsbrautar. Þar er nú að rísa byggð fyrir eldi borgara skv. deiliskipulagi sem samþykkt var í borgarráði 16.12. 2004 og er þar gert ráð fyrir íbúum og þjónustu á 25.860 m<sup>2</sup> lóðum, hámarksþæð húsa er 4 hæðir og nýtingarhlutfall 1.0. Með breyttu deiliskipulagi nú er tveimur lóðum fyrir þjónusturými komið fyrir á austasta hluta svæðisins.

### Markmið deiliskipulagstillögu.

- Að stuðla að bætti nyttingu svæðisins með því að heimila byggingu þjónusturýmis t.d. fyrir félagasamtök, sambýli o.p.h. og fella það inn í það græna svæði sem fyrir er. Ekki er fyrir huguð uppbygging verslunarrýmis á þessum stað.
- Að hæð mannvirkja á nýjum lóðum falli að umhverfinu og verði lægri en nálægra húsa.
- Að mannvirkji á nýjum lóðum endurspegli byggingsalist í háum gæðaflokk og falli vel að græna svæðinu umhverfis.

### Skilmálar

#### Landnotukun

Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir að eftirfarandi tvær lóðir fyrir þjónusturými verði feldar inn grænt svæði sem fyrir er:

- Suðurlandsbraut 68 - stærð lóðar ca. 3.120 m<sup>2</sup>
- Suðurlandsbraut 70 - stærð lóðar ca. 2.960 m<sup>2</sup>

Endanleg lóðarstærð mun koma fram á mæliblöðum.

### Byggigarreitir

Byggigarreitir sýna ystu mörk nýbygginga á lóð og eru svalir, stigar o.p.h. meðtalið.

Byggigarreitir bílakjallara er sá sami og húsa.

Form bygginga er frjálst innan byggigarreits.

### Húshæðir

Heimilt er að reisa hús á tveimur hæðum.

Hámarksveggihæð húsa er 8 metrar. Hámarksþæð húsa er 9 metrar. Hæðarsetning (kóti) nýbygginga mun koma fram á hæðarblöðum.

Reiknað er með niðurgrönum bílakjallara undir húsum.

### Lóðarfrágangur

Frágangur lóða skal vera til fyrirmynðar og taka mið af byggð í opnu grænu svæði. Lóðir skulu ekki afgírtar heldur tengjast vel grænum svæðum utan lóðarmarka.

### Nýtingarhlutfall

Hámarksnýtingarhlutfall lóða er 0,6 og er bílakjallari ekki innifalinn í nýtingarhlutfalli.

### Bílastæði


Aðkoma að húsum og bílastæðum er frá Suðurlandsbraut.

Um bílastæði gilda ákvæði byggingarreglugerðar og skal a.m.k. helmingur þeirra vera neðanjarðar.

Aðkoma (skábrautir) að bílakjöllum er frá Suðurlandsbraut.

### Kvaðir

Kvaðir um lagnir munu koma fram á mæliblöðum þar sem það á við.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2001-2024

	Mörk deiliskipulags
	Lóðarmörk
	Ný lóðarmörk
	Byggigarreitir þjónusturýmis
	Núverandi byggingar
	Hús í byggingu
	Grant svæði
	Göngustígur

Deiliskipulag petta sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 25.gr. skipulags- og byggingarlagar nr. 73/1997 var samþykkt í SKIPULAGSÁRÁÐI pann 11. juli 2007 og í BORGARRÁÐI pann 12. juli 2007

Tillagan var auglýst frá 18. juli 2007 með athugasemdafesti til 21. júlí 2007

Auglýsing um glíðstöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðunda pann 200... -

þróun - frárandtur

Borgarsjóður tekur að sér að bæta það tjón sem einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytingu þessa.

## Sogamýri

Reitir 1.4



Breyting á deiliskipulagi  
unnin fyrir skipulags- og byggingarsvið Reykjavíkur

Uppdráttur nr.1 af 1

ARKHÚSIÐ ehf.

Barónsstig 5 - 101 Reykjavík

sími: 511 8099 - fax: 511 8098

arkhusid@imnet.is

Guðrúnna Thordarson arkitekt FAÍ

uppráttur lagðurur í samræmi við athugasemdir Skipulagstefturinnar 16.11.2007

kvæd.

tekn.

glf.

dags.

27.06.2006